

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands
fundur 3-2014

Tími: Miðvikudagur 4. júní 2014, kl. 10:00-12:00

Staður: Fundarsalur Akur Ásgarði Hvanneyri

Mætt: Ágúst Sigurðsson rektor formaður, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir og Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson

Sigríður Embla Heiðmarsdóttir boðaði forföll

Björn Þorsteinsson ritaði fundargerð

Fylgigögn:

Fjárhagsstaða eftir fyrstu 4 mánuði 2014

Stefna Lbhí 2009-2013

Dagskrá

1. Úr skólastarfinu - stutt kynning á því sem er efst á baugi.
Rektor flutti kynningu á sögu og skipulagi skólans, mannahaldi, yfirlit um tekjur og gjöld, fasteignarektstur, starfsstöðvar, samstarf innanlands og erlendis, samsetningu nemendahópsins., námslínur og námsstig. Ennfremur setur og félög sem skólinn á eða er aðili að.
2. Framtíðarskipulag Lbhí
 - Staða mála varðandi framtíðarfyrirkomulag rekstrar.
S.l. haust fór af staða vinna við að undirbúa samruna HÍ og Lbhí. Því ferli hefur a.m.k. verið frestað og skilaboð send frá ráðuneyti að endurskoða skuli fjárhagsáætlun skólans þannig að hún haldist innan ramma fjárlaga og endurgreiðsla skuldar skólans við ríkissjóðs hefjist. Skólinn skilaði slíkri endurskoðaðri fjárhagsáætlun til ráðuneytisins í byrjun apríl en hún hefur ekki verið samþykkt ennþá.
 - Gæðaúttektir - staða mála (*Björn Þorsteinsson*)
Rakið var ferli gæðaúttekta Lbhí, bæði heildarmat skóla og niðurstaða þess 2013 og skýrslur um mat faglegra eininga 2014 og 2015.
 - Staða fjármála (*Theodóra Ragnarsdóttir*)
Rakin var núverandi staða tekna og gjalda og gefið sundurliðað heildaryfirlit helstu viðfangsefna. Útskýrt var hvernig Lbhí notar verkbókahald og sundurliðar reikninga eftir viðfangsefnum.
 - Stefnumörkun til næstu ára - staða mála. Vinna við endurnýjaða stefnumörkun skólans er ógerleg á meðan ekki er ljóst í hvaða samhengi eða á hvaða forsendum skólanum verður gert að starfa við.

-Umræður og næstu skref

Fram kom að ekki hefðu borist svör frá ráðuneyti varðandi þá endurskoðuðu rekstraráætlun sem send var inn í apríl. Ákveðið að ráðherra og ráðuneyti yrði send ályktun þess efnis að niðurstaða um málefni skólans verði að koma fram án tafar. Aðspurður upplýsti rektor að hann hygðist hverfa til annarra starfa þegar hans samningstími rynni út þann 1. ágúst n.k. og hygðist ekki ætla sér að sækja um embættið að nýju. Hann hefði tilkynnt ráðherra þessa ákvörðun. Í umræðum kom fram sá eindregni vilji háskólaráðs að embættið yrði auglýst en ekki færu fram kosningar innan skólans eins og lög um opinbera háskóla bjóða einnig upp á.

Rætt um grundvallarhlutverk skólans sem skóla í tengslum við landbúnað og umhverfismál á Íslandi sem ekki mætti missa sjónar af.

Rektor var falið að gera uppkast að bréfi til ráðuneytis og senda á ráðið til athugasemda.

Fleira gerðist ekki,
Fundi slitið kl. 12.